

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar í sögulegu og menningarlegu samhengi um íslensku ullina, hlutverk hennar á öldum áður og hvernig hún tengist menningarlegri sögu Íslands. Verkið skiptist í fimm meginhluta, fyrst umfjöllun um íslensku ullina, svo hönnun og framleiðslu á ullarflíkum og loks tengingu við skólastarf. Rakin er saga ullar, ullarvinnslu gerð skil, litun á ull og hvernig hlutverk hennar hefur breyst í gegnum tíðina. Fjallað er um hina sígildu lopapeysu, tilkomu hennar og hlutverk fyrr og nú. Komið er inn á nýja útfærslu á lopapeysum með tilkomu nýrra fyrirtækja. Þæfing er mjög gamalt handverk en undanfarin ár hafa komið nýir straumar sem tengjast þæfingunni þar sem möguleikarnir hafa aukist í litavali og gerð ullar.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Íslenska ullin.....	6
Mikilvægi og hlutverk.....	6
Gæði og einkenni	6
Heimilisiðnaður til forna og þæfingaraðferðir við ullina.....	7
Ullin, eiginleikar hennar og meðferð	10
Ullarfatnaður og litun.....	10
Þróunavinnan fyrir og nú.....	11
Lopapeysan	12
Þæfing.....	14
Elstu ummerki ullarflóka	14
Vinna Þófarans	14
Núnóflóki og þæfing	16
Framleiðsla og hönnun á ullarflíkum.....	17
Rætt við hönnuði.....	17
Listir í skólastarfi.....	19
Tenging lista við skólastarf.....	19
Spjallað við textílkennara	21
Lokaorð.....	23
Heimildaskrá.....	24

Inngangur

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til B.Ed. prófs vorið 2011. Hún fjallar um mikilvægi ullarinnar í íslensku samfélagi frá upphafi til vorra daga. Viðfangsefnið er valið með það í huga að auka og efla þá vitneskju sem grunnskóla nemendur hafa um ullina og hvernig við getum nýtt ullina í skólastarfi í dag, gera þeim grein fyrir því mikilvæga menningar og sögulega gildi sem hún hefur og hlutverk ullarinnar sem landkyrning og útflutningsvara. Fjallað er um hina sígildu lopapeysu, hlutverk og mikilvægi hennar í dag. Rakin er saga ullar, sagt frá helstu eiginleikum hennar og skýrt frá margvíslegum notkunarmöguleikum hennar í dag. Ritgerðin á einnig að lýsa þeirri vinnu sem fylgdi því að vinna við ullina og hverjir unnu helst við hana.

Ritgerðin hefst á almennri umfjöllun um íslensku ullina, eiginleika hennar sem og mikilvægi hennar og hlutverk í íslensku samfélagi. Rakin eru tengsl hennar við sögu og menningu þjóðarinnar og farið yfir helstu vinnsluaðferðir, s.s. þæfingu, þrjón og litun; þar er íslensku lopapeysunni gerð sérstök skil. Í síðari hlutanum er svo fjallað um tengingu lista við skólastarf í almennum skilningi og í framhaldi hvernig textílkennsla, og þá ullarvinna, tengist skólastarfi nútímans. Til að fá skýrari mynd í þeim efnum var rætt við textílkennara sem unnið hafa með ull í sínu starfi. Að lokum eru nútíma aðferðir við framleiðslu og hönnun á ullarflíkum skoðaðar og rætt við handverkskonur/hönnuði.

Það sem haft var að leiðarljósi við vinnuna var áhugi minn á varðveislu sögu ullarinnar, mikilvægi hennar og menningartengslum við íslenskt samfélag. Rannsóknarvinnan fólst að mestu í öflun ritaðra heimilda en einnig í formi vettvangsathugana og viðtala við fagfólk á sviði textílkennslu og ullarvinnslu. Leiðsögukennari við verkefnið var Sigrún Guðmundsdóttir, sem ég þakka mikla fórnfýsi og þolinmæði í minn garð. Einnig þakka ég viðmælendum mínum og öðrum sem studdu mig við verkið.

María

Gekk fram á hana
á grýttri strönd
bylur og bálhvasst
helgum meyjum ekki út sigandi
- samt var hún þarna

Úfið haf er fyrir hindrununum,
sagði draumspök kona
og víst var það úfið,
enda undraðist ég
að syni hennar skyldi ekki vera kalt
svona kviknöktum
með rassinn út í vindinn
- hvort ekki fyndist teppi
til að hlýja honum

Hún varð mín vör,
leit til mín og brosti

Það gerist ekki betra
en hún birtist
- hvað þá brosi,
dæsti sú draumspaka

Og næst þegar kvíðinn
flæddi inn um hjartalokur
fyllti gáttir og hvolf
rann upp fyrir mér
hvers vegna barnið
var nakið

um herðar mér hyrna
heklud úr ull og ást ¹

¹ Gerður Kristný 2007: Höggstaður :8-9

Íslenska ullin

Mikilvægi og hlutverk

Óhætt er að segja að íslenska sauðkindin sé stór hluti af íslenskri þjóðarsál. Þetta harðgerða húsdýr, sem var samskipa landnámsmönnum til Íslands fyrir um 1100 árum, var án efa eitt stærsta bjargræði þjóðarinnar á myrkustu tímum Íslandssögunnar. Hún hefur verið lofsungin í ljóðum og sögum í gegnum aldirnar og henni þakkað fyrir hennar þátt í að halda lífi í þjóðinni fram eftir öldum. Íslenska sauðkindin hefur einstaka þrautseigju og ratvísi, sem hjálpar til við að heilu hjarðirnar skili sér að lokum heim eftir ófærð og illviðri. Forystukindur fara á undan fjárhópnum og finna bestu leiðirnar sem völ er á hverju sinni. Það gerist einnig að forustuféð kemur með fjárhópin heim á bæjarhlaðið áður en illviðri skellur á og er þetta dæmi um duglegar, áræðnar og stórviturt forustufé.² Þetta hefur vakið athygli á heimsvísu þar sem kindin er eftirsótt í Bandaríkjunum og Kanada. Í samræmi við fagmenn hérlendis hafa um 60 bændur í þessum löndum stundað kynbætur með íslenskt fé. Hún hefur fætt okkur íslendinga og klætt frá upphafi. Ullin sem hefur klætt íslensku þjóðina er einnig notuð til útflutnings nú á dögum sem tískuvara og er ein af þeim minjavörum sem erlendir ferðamenn hafa með sér til síns heimalands.³

Gæði og einkenni

Íslenska féð er annaðhvort hyrnt eða kollótt og einkennist ullin af tveimur lögum, ytra lagi, sem nefnist Tog, og innra lagi sem nefnist Þel. Toghárin eru gróf, glansandi, bylgjótt og löng en þelhárin fín, þétt, mjúk, fjaðurmögnuð og stutt. Tog er til ókembt og í mörgum öðrum litum en náttúrulitum.

Hér áður fyrr voru margir litir eins og flekkótt, svart, grátt, mórault algeng en nú í dag er hvíti liturinn algengastur vegna ræktunnar. Ullin sem fæst af einni kind er um tvö kíló og er sauðfé á Íslandi vanalega rúið einu sinni á ári. Eftir að ullin er komin í verksmiðjurnar er hún flokkuð og metin. Ullin er þvegin, kembd og spunnin og kemur fullunnin sem

² Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson (2000): 31

³ Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson (2000): 7-8

ýmiss konar lopi, loðband og kambgarn. Eflaust er helsta ástæða hinna góðu eiginleika ullarinnar sú að ullarhárin eru einu trefjarnar sem eru skjóltrefjar frá náttúrunnar hendi.

Helstu eiginleikar ullarinnar eru að hún er hlý og teygjanleg og dregur í sig raka án þess að blotna. Hlýr fatnaður fæst úr ullinni, hún rafmagnast ekki og er ekki eldfim. Sagt er að ef kviknar í ull, slokkni eldurinn sjálfkrafa í henni. Svo er auðvelt að losna við óhreinindi úr henni. Til þess að hreinsa ull er gott að viðra hana úti í fersku lofti. Einnig má þvo hana úr volgu vatni og kreista úr henni vatnið; gott er að nota ullarþvottarefni. Síðan er flíkin lögð til þerris. Best er að þurrka ullarflíkina við stofuhita.⁴

Fjögur atriði hafa helst áhrif á gæði ullar: 1) kynstofn, 2) veðráttá, 3) jarðvegur, 4) fæði.⁵ Ef kindur voru of magrar gáfu þær ekki af sér ull. Kindur geta lifað lengi í fönn og geta lifað þar lengi án þess að fá fæðu. Vitað er til þess að þær hafi borðað ullina af hvor annarri en veldur það kekkjum í meltingarvegi þeirra og eyðileggur hann.⁶ Ull er mynduð úr eggjahvíuefni, ekki svo ólík hári okkar. Hún getur verið frá náttúrunnar hendi hvít, svört, mórauð eða grá. Nú á dögum er ullin einnig lituð í ýmsum tískulitum.

Heimilisiðnaður til forna og þæfingaraðferðir við ullina

Lífsbarátta Íslendinga snérist mikið um að hafa ull og skinn. Ef þessir þættir hefðu ekki verið til staðar hefði lífsbaráttan verið mun erfiðari. Sauðfjárrækt var grundvöllur lífs á Íslandi fyrr á öldum eins og komið hefur fram, þar af leiðandi var tóvinna mikilvægur þáttur í efnahagslífinu. Ýmis vinna flokkaðist undir ullariðnað, sem og heimilisiðnaður, handverk og handiðnaður, spunni, þrjónaskapur, gólfteppagerð og ullarþvottur.⁷

Ekki þótti vænlegt fyrir konur að giftast fyrr en þær kunnu að koma ull í fat og mjólk í mat! Verkið sem kallaðist „að koma ull í fat“ gat verið mjög fjölbreytt eins og að sauma, sníða, þrjóna, þæfa, vefa, tvinna, spinna, kemba, tæja, taka ofan af og þvo og þurrka ullina. Fagur handvefnaður var kenndur í húsmæðraskólanum, en misjafnt var hvaða kunnátta og vandvirkni var til staðar á hverju heimili. Saumur og gerð fataefna voru

⁴ Bask, Halme, Vuorio, Wennervirta (1989):15-17


⁵ Borghildur Jónsdóttir (1995): 112-113

⁶ Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson (2000): 25-26

⁷ Magnús Guðmundsson (1988): 47-48

misjöfn en tóvinna var algeng, þó svo að þóf á voðum hafi að mestu dáið út. Enda var það verk ekki nema á færi fullvaxta karlmanns ef þæfa átti heilar voðir.⁸

Upphaflega var spunnid á snældur sem voru gerðar úr beinum og með tréhalá. Oft voru notuð stór bein úr dýrum í snælduna, göt voru gerð í beinið og halinn gekk þar inni. Konur teygðu þannig á lópanum, oftast stóðu þær við verkið. Bandið var síðan undið upp í hnykla.⁹




Fram að 17. öld var það lengi þannig að engin ull var seld úr landi og ullarvinna innanhús var eitt af aðal vetrarstörfum á bæjunum. Tóvinna var þannig að byrjað var á því aðskilja tog og þel en það er einungis hægt að gera með höndunum. Ef átti að nota ullina í fallega dúka eða þrjónles var þelið greitt (táið) vandlega, þ.e. togið sem hafði orðið eftir í þelinu var handhreinsað. Kambarnar líktust hrífuhásum því tindarnir voru úr járn. Skaftið var úr tré og hausinn og tindarnir voru aðeins bognar. Ullarkambur er áhald sem er notað til þess að kemba ull. Það getur verið gert í höndunum eða með vél. Þegar kembt er í höndunum eru alltaf notaðir tveir kamar sem eru dregnir hvor yfir annan til að greiða úr flækjunum í hárunum.¹⁰

⁸ Bergsteinn Kristjánsson (1955): 138-139

⁹ Jónas Jónasson (1961): 103-104

¹⁰ Wapedia-Wiki (12.águst) 18.jan 2011




Þegar úr ullinni greiddist var lippað upp í lófanum í það sem nefndist lár. Síðan var spunnið á snældur í byrjun og síðar á rokk. Snældurnar voru oftast gerðar úr beini og tré. Konurnar spunnu svo á snældurnar þangað til að þær voru orðnar fullar. Böndin voru síðan tekin tvinnuð af snældunum eða undin upp í hnykla. Ef selja átti bandið kaupmönnum var það hespað á hesputré. Þegar leið á 17. og 18. öldina var ullin seld óunnin til kaupmanna og keyptir voru útlenskir dúkar í stað ullarinnar. Þegar að harðindum kom og fénaður hrundi átti fólk ekki næga ull utan á sig. En ytri föt jafnt sem undirföt voru unnin úr ullinni.¹¹

Tóvinna í samfélagi bænda er flokkuð undir heimilisiðnað. Samdráttur varð í heimilisiðnaði þegar fólk streymdi úr sveitum í bæi. Breyting varð á því að í byrjun 20. aldar var ullin mest unnin á Íslandi og flestir gengu í íslenskum fatnaði, sem síðar breyttist er ullin var flutt óunnin úr landi og erlend efni voru flutt inní landið.¹² En heimilisiðnaður var á síðari hluta 19. aldar mest tengdur sjálfsþurftarbúskap, lítill hluti var seldur. Ef svo var þá aðallega sem vöruskipti. Sú tóvara þótti vandaðari sem kom að norðan heldur en að sunnan.

¹¹ Jónas Jónasson (1961):102-104

¹² Magnús Guðmundsson (1988): 47-48



Vattsaumur – gamall íslensku vettlingur.

Ullin, eiginleikar hennar og meðferð

Eiginleikar ullarinnar eru einstakir og þolir hún mikið. Ullin hitnar þegar hún blotnar og er það ullarfötunum að þakka í mörgum tilfellum þar sem menn hafa klæðst henni í ýmsum hrakningum og komist lífs af. Ullin var notuð til klæðis og vaðmál, ull og gæra voru helstu útflutningsvörur landsins þar til á 14. og 15. öld er skreiðin tók við. Á síðari hluta 18. aldar ákvað landfógetinn Skúli Magnússon að hver heimilismaður þyrfti um 5 kg. af ull á ári í klæðnað og tók það um 20 daga að vinna þá ull sem þurfti fyrir hvern mann. Ullartíminn stóð frá hausti til vors og þótti vinnan við ullina gefa lítið af sér. Það var talið kvenmannsverk að vinna við ullina og stundum voru konurnar tvær saman við þá iðju.

Ullarfatnaður og litun

Nú á dögum þætti okkur það eflaust ekki skemmtilegt ef eingöngu ullarfatnaður væri til, jafnt sem nærföt eða vettlingar. Fæstir nútímamenn kæra sig um að klæðast ullarnærfatnaði, en á öldum áður stóð fólki ekki annað til boða. Tók fólk því fegins hendi að fá hlýjan fatnað þar sem hús voru ekki almennilega hituð. Einhvern veginn varð að halda á sér hita. Ytri og innri fatnaður var að mestu leyti heimatilbúinn og úr ull. Flest föt voru ofin og einnig þrjúnuð. Vinnufólk fékk fatnað í kaup en þurftu þau að vinna þau sjálf. Um

miðbik 18. aldar klæddust karlmenn alþýðunnar helst skyrtu og nærbuxum og voru nærbuxurnar þá þæfðar þangað til þær stóðu sjálfar, því að oft við þæfingu verður ullin mjög stíf. Ekki var til ullarmýking í þá daga. Ef buxurnar stóðu sjálfar var talið að þær væru mjög endingargóðar.

Klæðnaður alþýðunnar var í sauðalitunum, en aðalliturinn á litaðri ull var svartur. Margskonar jurtir eins og sortulyng, bláberjalyng, krækiberjalyng og ber voru notuð við litun. Einnig var notuð leðja úr mýrum, kúahland og mosi. Þau föt sem voru lituð með sortulyngi voru álitin endast skemur. Almennigur klæddist oftast sauðalitunum, gráu eða svörtu. Algengast var að fötin væru úr vaðmáli. Rauður litur var fengin úr kúahlandi þar sem fötin voru látin liggja í um sex vikur og var liturinn rauðbrúnn og mjög endingargóður. Náttúran var sem sagt notuð til litunar á fatnaði og geymdust fötin vel í fatakestum sem gengu á milli manna.¹³ Það voru helst þeir hæstsettu eins og þjóðhöfðingjar og efnaðir einstaklingar sem klæddust litum.¹⁴

Prjónavinna fyrir og nú

Prjónakunnátta er talin hafa borist frá Miðjarðarhafslöndum á síðari hluta miðalda til Evrópu. Á prjónaskap er fyrst minnst í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar á Hólum 1581. Fyrir á öldum var algengt að karlmenn kynnu einnig að prjóna og fengust þeir þá aðallega við grófasta prjónbandið. Þó svo að prjónaskapur hafi almennt fallið undir kvennastörf þá sást til þeirra karlmannna sem voru við prjónskap á milli verka, jafnvel með prjóna við smalamennsku. Nauðsyn er að varðveita þá vitneskju þar sem prjónaskapur í dag er næstum allur í höndum kvenna. Á 19. öld var algengara að konur prjónuðu. Um leið og börn voru komin til vits var strákum jafnt sem stelpum kennt að prjóna. Börn sem voru orðin átta ára fengu það verkefni að skila tvennum sjóvettlingaþörum. Eldri börn fengu stærri verkefni, en yfirleitt unnu tveir og tveir sameiginlega að peysunni. Oft var ekki sofið mikið, aðeins um sex klukkustundir, því vakað var lengi við prjónavinnuna. Prjónavinnan var mikill hagur, menn gátu unnið fyrir sér með því að fá

¹³ Jónas Jónasson (1961): 16-28

¹⁴ Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson (2000): 79-83

lánaða ull að hausti, þrjónað úr henni og fengið mat fyrir afganginn. Það var enginn maður óvinnandi innanhúss.¹⁵

Umdeilt hefur verið hvort að hægt hafi verið að þrjóna peysuból á dag, eins og haldið hefur verið fram, en margir hafa einnig efast um það. Fyrir jólin fékk fólk aðeins hálfan svefn, því svo mikið gekk á að vinna við þrjónaskapinn og á tímabili voru bæði karlar og konur að verki. Mest var að gera um jólin við þrjónavinnuna og voru börnin hrædd með Grýlu og að jólasveinarnir myndu hirða þá í poka ef þau ynnu ekki vel. Enn sér maður það á sveitabæjunum á Íslandi í dag að þegar húsfreyja er innanhús er hún oft að einhvers konar þrjónavinnu. En það varði ekki svo lengi að karlmennirnir þrjónuðu; þróunin varð sú að þrjónavinna varð eingöngu að kvenmannsstarfi.

Lopapeysan


Ullarfatnaður og síðar íslenska lopapeysan er talin hafa haldið lífi í Íslendingum fyrr á öldum í óupphituðum húsum og slæmu veðri bæði til sjós og lands. Eins og áður kom fram þá er íslenska lopapeysan eins og hún er í dag ekki svo ýkja gömul. Tilkoma hennar var á 6. áratug síðustu aldar aðallega vegna þess að auðvelt þótti að þrjóna hana á hringþrjón. Talið er að mynstrin séu m.a. upprunnin í Svíþjóð um 1950 en annars eiga þau margvíslegan uppruna, eins og t.d. norskan. Einhver af munstrunum eru úr gömlum sjónabókum, sum hönnuð af þrjónakonum eða síðar af hönnuðum. Árið 1978 gerði Útflutningsráð athugun á því hversu margar konur þrjónuðu til útflutnings og útkoman úr því var að um 1500 konur þrjónuðu fyrir um 15-20 útflutningsaðila.¹⁶

Lopapeysan hefur alltaf verið vinsæl hjá erlendum gestum landsins. Þó svo að aðrar vörur séu líka vinsælar er líklegt að engin flík hafi notið jafn mikilla vinsælda. Í kreppunni sem nú stendur, er mikill áhugi á þrjónaskap og alls kyns hönnun. Ef fólk kann ekki neitt til verka í þeim efnum er mikið um að það fari á ýmis námskeið og læri og flytji síðan kunnáttuna áfram til annarra. Þannig viðhöldum við þessari menningar og sögulegu hefð að vinna við ullina á ýmsan hátt, eins og í þrjóni og hönnun ýmissa hluta úr þæfingu. Þar sem hin týpíska lopapeysa er ein aðal útflutningsvara þjóðarinnar tel ég réttast að minnst

¹⁵ Gils Guðmundsson (1949):47-48

¹⁶ Magnús Guðmundsson (1988) Ull verður gull: 96-97

aðeins á hana sem sögulegan þátt í sögu ullarinnar. Hönnun á prjónavörum úr ullinni er sérstök atvinnugrein í dag.¹⁷



Á síðari árum hefur lopapeysan orðið enn meiri tískuvara, fyrirtæki hafa fæðst eins og Farmer's Market sem hafa unnið með ullina á nýjan hátt og vakið til lífsins á ný gömul ullarmunstur. Farmer's Market, sem stofnað var árið 2005, er eitt af þeim vinsælu nýju fyrirtækjum sem sérhæfir sig í hönnun ýmissa ullarvara úr íslenskri ull og selur mikið af sinni framleiðslu erlendis. Þykir mér það mjög skemmtilegt að Bergþóru Guðnadóttur í Farmer's Market, skyldi takast þetta verk, að vekja til lífsins nýja vídd í hönnun og ull. Hún sem hönnuður hefur gefið ullar útflutningsvörum nýtt útlit. Ullarflíkurnar seljast vel í 10 löndum erlendis og þykja nytsamlegur tískufatnaður. Þess vegna getum við sagt að lopapeysan sé ein helsta auglýsing fyrir Ísland erlendis í dag. Nýjar útfærslur eru á peysunum, þar sem einfaldur lopi, einband og fleiri tegundir af ull eru notaðar og jafnvel margar tegundir notaðar saman.

¹⁷ Magnús Guðmundsson (1988): 96-97

Þæfing

Elstu ummerki ullarflóka

Ullarþæfing með ullarflóka er með elstu textílhandverkum heims. Elstu ummerki um ullarflóka er frá því um 6.000 árum f. Kr. Í Suður-Rússlandi var ættbálkur sem kallaðist Flókafólkið. Konungsgröfin Pazaryk með stórkostlegum flókamunum fannst þar árið 1929. Í Asíu voru margslungin mynstur í teppunum, en á Norðurlöndum var algengt að þæfa inniskó, vettlinga og hatta. Á Íslandi var þófi algengastur og búinn til úr ullarþæfu. Þó svo að þæfing hafi verið algeng í heimstýrjöldinni síðari var henni ekki haldið við. Eftir árið 1970 hófst endurnýjunartímabil á mörgum handverksaðferðum.

Undanfarin ár hefur þróunin á vinnsluaðferðum og notkun á þæfðri ull verið mjög mikil. Vöruúrval úr þæfðri ull nær nú yfir flest það sem hægt er að búa til úr textíl. Allt frá fíngerðustu og þynnstu efnum í innhústextil og fatnaði í gólfteppi og veggteppi.¹⁸

Vinna Þófarans

Á Íslandi var vinna þófarans dagsett og aðrir meðlimir heimilisins skyldu taka að sér verk hans sem hann hafði sem skyldu. Voðin var þvegin fyrst úr sápu og sjóðandi vatni, síðan skolað úr nærliggjandi læk eða vatni. Síðan var voðin þvegin aftur og undin heit. Margir hjálpuðust að við að vinda ullina. Húsmóðirin ákvað hvenær nóg væri komið og síðan var haldið inni í fjós þar sem hitinn var passlegur fyrir þæfingu sem þar fór fram. Einhver kýrin missti þar bás sinn um óakveðinn tíma. Þæfingin var erfitt verk og misjafnt var hvað margir unnu verkið. Þófarinn var fáklæddur sökum hitans í fjósinu og vann hann yfirleitt frá morgni til kvölds við þessa iðju. Hann hélt streitulaust áfram og stoppaði aðeins til þess að nærast. Að lokum fékk fjósið sitt upprunalega útlit og kýrin básinn sinn aftur. Áður en voðin kólnaði var hún borin í húsið og vafin uppí rúm, teygð og slétt úr henni, þar sem ekki dugði annað en að setja þunga hluti ofan á hana.¹⁹

¹⁸ Hvistendahl (2004): 65

¹⁹ Bergsteinn Kristjánsson (955): 140-142

Fyrst þegar þæfa átti, var voðin þvæld upp úr hlandi (keytu) og undin milli fjögurra stanga fjórföld. Stundum var þæft í stórum stampi á meðan ullin var að mýkjast. Vettlingar og sokkar voru þæfðir á milli handanna. Stundum var þæft á bringunni eða undir handleggnum, sem hvorutveggja var mjög erfitt. Einnig var þæft á hellu sem höfð var yfir eldi og síðan var hnoðið lagt á bringuna. Þessi þæfing lagðist af um árið 1800. Algengast þæfingin var undir fótunum og var það talið fullkomið dagsverk karlmanns. Eftir þæfinguna tíðkaðist það að gefa þófaranum það allra besta sem til var á heimilinu og var það kallað þófarabiti.

Tunnubóf og ófrýnilegar eiginkonur

Tunnubóf var algengt sunnanlands, þar sem tveir menn voru með tunnu með engum botni og hún lögð á hliðina. Vaðmálið var sett í hana miðja. Karlarnir áttu að hafa fæturnar innan í tunnunni og vaðmálið á milli ylja hvors annars. Þessi aðferð þótti hins vegar erfíð. Börn voru einnig látin tæja ull og ef kemburnar þeirra voru með ókembum í var þeim sagt að eiginkonur drengjanna yrðu ófrýnilegar.¹⁶

Í dag eru til óteljandi margar gerðir af ullartegundum sem nota má til þess að búa til flóka sem á svo að nota til þæfingar. Hver ullartegund hefur sín sér einkenni. Aðallega er notast við ull af sauðkindinni, sem er með fallegum krullum, því finni sem ullin er því meira þarf hún að þæfast til þess að verða endingargóð. Fínleiki ullarþráða er mældur í míkro (þúsundasti hluti af millimetra). Sem dæmi segjum við að 20 míkro þýði að þráðurinn sé 20/1000 millimetri í þvermál.

Kembd ull er fánleg í mörgum litum ásamt náttúrulitunum. Hún þófnar töluvert hraðar en aðrar tegundir vegna meira af náttúrulegu ullarfeiti, lanólíni. Þræðirnir krækjast hver í annan og blandast jafnvel í mörgum litum og litbrigðum, sem getur orðið spennandi útkoma.

Margir þófarar hafa í gegnum árin spurt sig hvernig hægt væri að búa til efni sem væri sterkt, fallegt, þunnt og létt en jafnframt þæft. Í fyrsta lagi þarf að vera með fínþráðotta

¹⁶ Jónas Jónasson (1961): 114

ull af íslensku kindinni. Íslenska ullin er blendingsull, sem hefur bæði þel sem er fínt og hrokkið, en tog sem er gróft. Þelið líkist merínó ullinni meira. Í dag er þetta tvennt unnið óaðskilið.

Núnóflóki og þæfing

Núnóflóki er þæfingaradferð með þunnum efnum og ull. Þessi aðferð var fyrst þróuð í Japan af tveimur konum að nafni Polly Sterling og Sachiko Kotaka, sem voru vinkonur. Polly sem var Áströlsk og bjó í heittempruðu loftslagi fannst ullin of þykk í fatnað. Þá þróaði Sachiko japönsk vinkona hennar þunna undirstöðu fyrir ullina sem ullin festist við. Þannig var hægt að vera í ullinni í hitanum. Nuno þýðir textílefni á japönsku. Þess vegna er ull sem er þæfð á efni kölluð Núnóflóki, sem er það fagheiti sem hefur fest við þessa aðferð á vinnslu ullarinnar, þó svo að heiti eins og samlímdur flóki og silkipóf séu einnig þekkt.²¹ Núnóflóki var fundin upp þegar uppgötvaðist að grisjan úr næloni festist við ullarflókann. Þannig að farið var að þæfa ull inn í fínna efni eins og silki, nælon og fleiri gerviefni.²²

Með tilkomu núnóflókans hafa möguleikarnir til vinnslu úr ull og efni í sambland aukist til muna sem og úrval efna. Í vinnslunni er efnið lagt niður og ullinni er raðað í nokkrum lögum á efnið. Leggja má ullina á aðra hlið efnisins eða báðar. Einnig er hægt að leggja ullina á milli tveggja laga af efnum. Ef skeyta á með fínni ull þá að leggja hana ofaná kembuna. Sprautið síðan vatni úr brúsa yfir og strjúkið yfir allt þannig að allt loft fari úr ullinni. Svo er strokið aftur yfir með lófunum í hringlaga hreyfingum þannig að allt festist saman. Eftir að allt efnið og ullin hefur fest nokkurn veginn saman, þarf að rúlla kembunni upp í bóluplast. Síðan er þessu öllu vafið inní handklæði og hnoðað í nokkrum lotum um eitt hundrað sinnum í senn þangað til að ullin hefur skroppið saman um 25-50%. Ef flýta á fyrir þæfingunni er ráð að vinda kembuna uppúr heitu sápuvatni á milli þess sem hnoðið er. Þegar ullarkemban er orðin nógu þæfð þá er því dýft í kalt edikvatn og látið þorna. Síðan er bara skreytt ef vilji er fyrir því.²³

²¹ Hvistendahl (2004): 3

²² Sliper og Tvedt (2008): 23

²³ Margréti 4. janúar 2011

Hér verða nokkur efni upptalin sem blanda má við ullina til þess að búa til núnóflóka. Bómull,viskós, silki, krep, siffon, organza, thai-silki og ýmis gerviefni. Hægt er að lita efnið og ullina saman og fæst því fullkomið samræmi í notkun þeirra. Þæfing fata með núnóflókaaðferðum gefur marga möguleika, eins og að þæfa flík án þess að sauma. Vert er að athuga að silki stækkar alltaf þegar það blotnar. Hægt er að leika sér með áferð, liti, tækni og ýmislegt skemmtilegt þegar unnið er með ullarþæfingu. Ef notuð eru náttúruleg efni endist þæfða stykkið mun betur og hnökrar ekki, eins og ef um gerviefni væri að ræða. Í dag er einnig hægt að kaupa stranga sem er búið að þæfa úr ull í ýmsum litum. Þessar nýjungar bjóða uppá ýmsa nýja möguleika í hönnun fata og ýmissa annarra hluta.²⁴

Framleiðsla og hönnun á ullarflíkum

Í upphafi þrjónaiðnaðarins var ekki talað um hönnun heldur var talað um uppskriftir. Fyrsti fatahönnuður sem hannaði þrjónavörur úr loðbandi var Eva Vilhelmsdóttir. Hún hannaði fyrstu ullarkápuna fyrir Dyngju um 1969-1970, sem var staðsett á Egilsstöðum. Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum sem hönnuðir voru ráðnir, og teikningar og hugmyndir keyptar af þeim. Pöntun frá American Express á kápunni sem Eva hannaði var á þann veg að þeir vildu fá 54.000 eintök. Eva hannaði fleira eins og jakka fyrir Pólarþrjón sem einnig seldist vel og var framleiddur í mörg ár. Áratugurinn 1970-1980 er kallaður „þrjónaiðnaðaráratugurinn“, því að þá var mikil fjölgun á hönnuðum og hugmyndaríkum konum. Þó svo að verkstjórar í þrjónastofum hafi líka átt sinn þátt í fatagerð úr ullinni. Miklar framfarir urðu á hönnun, litum, sniðum og munstrum á árunum 1975-1980. Síðar komu svo fleiri hönnuðir við sögu.²⁵

Rætt við hönnuði

Ég ræddi við Katrínu Steingrímsdóttur og Indíönu Sigurðardóttur í Reykjanesbæ en þær hanna báðar úr íslensku ullinni. Katrín var um 15 ára þegar hún byrjaði að þrjóna. Hún vinnur aðallega með íslensku ullina í þrjóni og hefur frá 17 ára aldri (síðan um 1970) þrjónað fyrir Álafoss ásamt móður sinni og ömmu. Móðir Katrínar og amma voru hennar

²⁴ Hvistendahl (2004):3,4,7,15,29

²⁵ Magnús Guðmundsson (1988):270-271

fyrirmyndir. Margir hönnuðir í dag nýta sér ullina og vinnuna við hana til þess að tjá sig. Mikið er um nýjar útfærslur á lopapeysum. Katrín hennar sín munstur og snið sjálf og ekki er mikið um að hún geri tvær peysur eins. Þær eru þá í mismunandi litum. Útfærslur hennar eru margvíslegar. Á nýjustu peysum hennar saumar hún einnig skraut á sum munstrin. Katrín hefur hug á að nýta sér þæfingu meira í sinni framleiðslu í nánustu framtíð. Hún segir að möguleikarnir í þæfingunni séu margvíslegir og er hún spennt að prófa nýjar leiðir í sinni hönnun.



Indíana Sigurðardóttir hefur hannað fatnað eins og trefla og grifflur úr þæfðri ull. Hún segir möguleikana margvíslega og leggur áherslu á að best sé að þæfa ullina með náttúruvefnum, eins og fram hefur komið. Treflarnir hennar eru úr þreföldu ullarlagi, ýmist úr blönduðum tegundum eða ekki. Hún þæfir stundum blúndu með ullinni til þess að gefa ullinni aðra áferð. Þannig fær flíkin fjölbreyttari útlit og jafnvel litbrigði.



Þæfð ullarstykki úr 3-4 lögum af ull.

Listir í skólastarfi

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi lista í skólastarfi. Í Vegvísi fyrir listfræðslu frá Sameinuðu Þjóðunum segir að aðgengi lista séu algild mannréttindi sem allir eiga að fá aðgengi að. Mikilvægt er að börn og fullorðnir fái að þjálfa sköpunargáfu sína með þáttöku sinni í ýmsum listum. Í listum lærir fólk að skilja, upplifa og meta þá listrænu tjáningu sem listafólk notar. Listir gefa fólki innsæi og svigrúm til að meta hluti af tilfinningu en ekki aðeins af rökhyggju.²⁶

Listfræðsla telst til gildra mannréttinda fyrir alla. Alþjóðlegar yfirlýsingar og samningar Sameinuðu þjóðanna miða að því að tryggja börnum og fullorðnum rétt til menntunar og tækifæra til þess að tryggja þroska og þáttöku í listum og menningu. Til þess að einstaklingurinn geti þroskast eins og mögulegt er, eru menning og listir grunvallarþættir í alhliða menntun. Talið er að allir menn hafi sköpunargáfu. Listir skapa nemandanum listrænan þroska og leiðir til skapandi verkefna og upplifana. Rannsóknir hafa sýnt að sé nemandi virkjaður í listum og þættir úr hans eigin umhverfi séu virkjaðir með, skapi það þroska og sköpunarmátt ásamt frumkvæði hjá einstaklingnum. Gagnrýn og frjó hugsun, tilfinningargreind, sjálfstæði og góður vitsmunarþroski tengist menntun í listum. Menntarannsóknir sýna að fræðsla um listir, listræn upplifun og það að kunna að meta list þroskar hæfileika fólks að sjá sérstakar hliðar á málum sem ekki endilega tengjast listum. Talið er það sé erfitt að þroska þennan hæfileika með öðru móti.

Tenging lista við skólastarf

Til þess að allir fái jafnhliða menntun í listum þarf listnám að vera skyldubundinn hluti menntunar. Á 21. öldinni eru nýjar áskoranir sem herja á samfélög. Minna er um samskipti foreldra við börn sín. Tilfinninga- og félagsleg vandamál eru meiri hjá börnum og skortur er á innihaldsríkum samskiptum á milli fólks. Mikil áhersla er á bóknám fram yfir nám sem er tilfinningatengt og valdið því að mikill munur er á milli vitsmuna- og tilfinningalegs þroska barna. Antonio Damasio prófessor, er þeirrar skoðunar að áherslan

²⁶ Jón Hrólfur Sigurjónsson (2007): 4-5

á hið vitsmunalega fram yfir hið tilfinningalega eigi þátt í því vaxandi siðferðisleysi sem er einkennandi fyrir samfélagið í dag.

Ef tilfinningar koma hvergi við sögu í ákvörðunartöku, verður sú ákvörðun eða hugmynd eingöngu byggð á rökrænum forsendum. Samfélög í dag þurfa vinnuafl sem er skapandi, úrræðagott, sveigjanlegt og hefur góða aðlögunarhæfni. Listmenntun ýtir undir þessa þætti. Listmenntun er leið þjóða til þess að rækta mannauð til auðlegðar fyrir samfélagið. Skapandi menningar og framleiðslugreinar geta myndast af listsköpun, sem eflir félags og efnahagslegar framfarir í þróun landa.²⁷ Menningarleg vitund er því ræktuð og styrkt í gegnum listfræðslu og stuðlar að eflingu og varðveislu á fjölbreytileika menningar. Vegna þess að menntakerfið er ekki að sinna varðveislu margra sviða menningar og mannlífs er þeim ekki miðlað áfram til komandi kynslóða. Þess vegna er mjög mikilvægt að listir og menningarleg tjáning fái sterkt vægi í menntakerfinu.

Samkvæmt Vegvísi fyrir listfræðslu, frá Unesco er mælt með að efla til jákvæðs viðhorfs menningarlegs fjölbreytileika í að bæta námsefnisgerð, námskrár og kennaramenntun. Í Aðalnámskrá Grunnskóla (listgreina) er fjallað um mikilvægi textílmennts í íslenski menningu. Tóvinna, útsaumur, þrjón og vefnaður er hluti af arfleið þjóðarinnar, sem mikilvægt er að þekkja og varðveita. Þetta er þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar sem er tilkominn vegna nauðsynjar á árum áður, en breytist smám saman í áhugamál á seinni tímum. Það sem áður var mikilvægur þáttur í lífsbaráttu Íslendinga er nú stór þáttur í okkar menningu. Þess vegna ber að varðveita það og kenna undirstöðuatriðin í grunnskólum landsins. Að búa til hluti úr efnisheiminum sem öðru gefur flestum einstaklingum lífsgleði og fyllingu.

Handavinna gefur fólki möguleika til þess að skapa alveg frá grunni, þó að það læri aðeins undirstöðuatriði og nýti sér það eingöngu, getur fólk skapað hluti og hannað á óteljandi vegu. Textílhönnun er mikilvægur þáttur í heimi lista, því að flestar athafnir krefjast notkun textíla eins og t.d. leikmyndir og búningar. Tíska tengist einnig textíl að mjög miklu leyti, bæði sem fatnaður, heimilisiðnaður og innanstokksmunir.

²⁷ Jón Hrólfur Sigurjónsson (2007) :4-5

Mikilvægt er að textilkennsla sé uppbyggð af tveimur þáttum, annars vegar sköpun, túlkun og tjáningu og hins vegar á skynjun, greiningu og mati. Námsmat er svo margvíslegt eins og eigið frumkvæði nemandans, sjálfstæði, framfarir, vinnusemi. Gott getur verið að nota símat við síðustu tvo þættina. Sjálfsmat nemandans er einnig mikilvægt því þá fær hann möguleika á að vera gagnrýninn og gefur þeim tækifæri til samanburðar og tjáningar.²⁸

Eins og fram hefur komið er listgreinakennsla í öllum sínum fjölbreytileika nauðsynlegur þáttur í skólastarfinu og brýnt að öllum þáttum hennar, og ekki síst textilkennslu, sé sinnt með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að nemendur kynnist þjóðararfi sínum og handverki til að skilja betur úr hvaða jarðvegi og menningu þau eru spröttin úr. Vinna með íslensku ullina er þar ómissandi þáttur.

Spjallað við textílkennara

Ég spjallaði við tvo textílmennatennara í Reykjanesbæ Söru Berthu, í Myllubakkaskóla og Margréti Sigrúnu í Njarðvíkurskóla. Ég spurði þær hvernig þær nota ullina í textílkennslu. Sara Bertha kennir ekki fyrsta né annan bekk, þau börn eru í textílmennat hjá bekkjarkennaranum sínum. Í 3.-5. bekk notast hún við það að hægt er að búa til efni sem þarf ekki að sauma til þess að úr verði einhver hlutur. Nemendur vinna að þæfingu á ullinni í kúlur, blóm eða karla. Þar sem þau taka ullarflóka og rúlla honum upp og bleyta með blautsápu þangað til að hann er orðinn að góðri kúlu. Einnig hefur hún látið nemendur þæfa ullina utan um stein. Þá verður hluturinn að einskonar þungu fargi, t.d. blaða-stoppara. Í 5. bekk horfa nemendur Söru á fræðslumyndband um ullina. Þeim er kynnt fyrir ýmsum möguleikum í ullarvinnslunni, þeim sýndir hlutir eins og vesti sem hefur verið þæft. Þau gera ýmis verkefni sem tengjast ullinni eins og ramma með ull í miðju sem þau leggja sjálf og þæfa ýmis mynstur.

Þetta verkefni er einnig samstarfsverkefni milli smíðakennara. Samstarfsverkefni eru algeng á milli textílkennara og smíðakennara í Myllubakkaskóla. Nemendur vinna t.d. jólatrésstofninn úr við og þæfa síðan tréð úr ull utan um frauðplast, sem síðan er tekið úr. Nemendur geta síðan gert mynstur í tréð og þæft. Eftir þæfinguna geta þau saumað og

²⁸ Aðalnámsskrá Grunnskóla (1999) Listir:33-36

skreytt tréð með ýmsu skrauti eins og steinum og perlum. Eldri bekkir skólans gera ýmis þæfingarverkefni í vali eins og buddur, töskur og engla.

Margrét sýndi mér lyklakippur sem nemendur hennar gera einnig úr þæfðum ullarkúlum, lyklahringurinn er síðan festur á með árórugarni. Nemendur hennar vinna einnig við þæfingu á flötum stykkjum. Markmið með því verkefni er að nemendur kynnist íslensku ullinni og þæfi ullarkembur. Þannig þjálfa þeir sköpunarþáttinn og nota svo ímyndunaraflið við skreytinguna t.d með útsaumi. Einnig er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi ullarinnar fyrir á öldum eins og stendur í Aðalnámskrá grunnskóla. Nemendur hafa unnið pennaveski, veski sem nota má undir þrjóna og heklunálar og töskur úr ull sem þau hafa þæft sjálf. Sara og Margrét kaupa ull í Álafoss í allskyns litum svo úrvalið í litavali er nokkuð mikið sem nemendur hafa til þess að velja úr.

Eftir að hafa spjallað við textílkennara um eitt og annað sem tengist ullinni eins og hvernig þær kenna efni um ullina í skóla, hvernig verkefni þær séu að vinna að með nemendum sínum og hvernig þær nýta ullina varð ég fróðari um skólastarfið. Í umfjölluninni um ullina kveiknaði hjá mér sú hugmynd að mig langaði til þess, að til væri sérstök bók um menningarsögu ullarinnar, mikilvægi hennar fyrir þjóðina hér á öldum áður og hvernig ullin er sérstök kynningarvara fyrir landið okkar í dag. Áhugi vaknaði hjá mér um þessa bók, þar sem ég gerði mér grein fyrir því að ekki voru neinar sérstakar aðgengilegar upplýsingar um sögugildi ullarinnar, heldur var efnið á víð og dreif í bókum og á netinu. Reyndar komst ég að því að nemendum finnst myndbandið um ullina ekki svo ýkja skemmtilegt, þó svo að mér hafi fundist það mjög gott.

Viðmælendur mínir vilja meina að það sé best að þæfa íslensku ullina saman við náttúruleg efni, þó svo að það gangi alveg að þæfa einnig saman við efni sem hafa áferð, eins og blúndu. Það má breiða ullina á aðra hlið efnisins eða báðar, einnig er hægt að leggja ullina á milli tveggja efna, eða búa til allskyns mynstur.



Lokaorð

Íslenska ullin er mikilvæg fyrir margra hluta sakir, eins og komið hefur fram í þessu verkefni. Hún átti stóran þátt í að halda lífi í íslensku þjóðinni á öldum áður, skilar sér einnig sem tekjur og auglýsing fyrir landið okkar í dag. Nauðsynlegt er að sú þekking og reynsla sem byggst hefur upp ullarvinnu, varðveitist hjá komandi kynslóðum. Það hefur ómetanlegt gildi fyrir þjóðina, ekki síst í menningar- og sögulegu tilliti en einnig þegar kemur að verðmætasköpun og útflutningi. Í því ljósi er mikilvægt að nemendur grunnskóla þekki sögu ullarinnar, fái að vinna með hana og fái tækifæri til þess að koma með eigin hugmyndir sem eru skapandi og uppbyggjandi. Margir hönnuðir í dag eru farnir að blanda ýmsum efnum við ullina í hönnun sinni, eins og silki, blúndu og fleiri efnum. Með þessari nýju þróun gefast aukin tækifæri til þess að nýta ullina sem tískuvöru, sem fatnað og húsbúnaðarvöru; eins með tilkomu nýrra lita og notkun fjölbreyttra tegunda af ull.

Auk notkunargildis ullarinnar sem hér hefur verið tæpt á, má segja að ullin sé á vissan hátt þéttofinn inn í íslenska þjóðarsál, og vekur upp hlýja og jákvæða strauma í hugum þorra þjóðarinnar. Mikilvægt er að efla handverksþáttinn í vinnu með ull strax í grunnskóla til viðhalda þeim mikilvæga arfi fyrri kynslóða og skila áfram til þeirra sem við kyndlinum taka. Þannig næst að halda við þeirri þekkingu sem aflast hefur gegnum tíðina við vinnslu íslensku ullarinnar og auka vegsemd hennar innan lands sem utan.

19. janúar 2011

María Isabel Grace Fisher

Heimildaskrá

Ásdís Birgisdóttir.(2008) *Þjóðbúningar íslenskra kvenna*. Húsfreyjan,2,35-37

Aðalnámskrá Grunnskóla-listir/lífsleikni (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Bask, Liisa., Halme, Hilka., Vuorio, Kaisa., Wennervirta, Hanna.(1989). *Hannyrðir í 3.-6. bekk*, 15-17

Bergsteinn Kristjánsson (1955) *Fenntar slóðir*:15 þættir um sunnlenska þjóðhætti
Reykjavík:Ísafoldarprentsmiðja H.F.

Borghildur Jónsdóttir (1995) *Búningasaga og Vefjarefnafræði*: -þróun fatatísku frá 11.öld til okkar daga-meðferð og eiginleikar vefjarefna-

Gerður Kristný (2007): *Höggstaður*. Reykjavík: Mál og menning.

Gils Guðmundsson.(1949). *Þjóðlífsmyndir*. Reykjavík: Iðunnarútgáfan-Prentsmiðjan Hólar.H.F

Hvistendahl, May Jacobsen. (2004). *Ullar og silki þæfing* (Anna Sæmundsdóttir þýddi).
Reykjavík: Vaka Helgafell

Jón Hrólfur Sigurjónsson.(2007). *Vegvísir fyrir listfræðslu*. Heimsráðstefna um listfræðslu. Sótt 10.nóv 2007 af <http://www.unesco.org/culture/lea>>

Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson.(2000). *Íslenska sauðkindin*. Bókaútgáfan Hofi.Jónas Jónasson (1961). *Íslenzkir þjóðhættir*.Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.

Magnús Guðmundsson.(1988) *Ull verður gull*. Reykjavík :Hið íslenska bókmenntafélag og Iðnsaga Íslendinga.

Margrét Sigrún Þórólfsdóttir (munnleg heimild, 4. janúar 2011).

Sara Bertha Þorsteinsdóttir (munnleg heimild, 4. janúar 2011).

Sliper, Nina Tvedt og Tvedt, Tone. (2008). *Spennandi þæfing*.(Anna Sæmundsdóttir þýddi). Reykjavík: Edda útgáfan.

Þórarinn Hjartarson.(2000). *Skinna Saga sítunnar á Íslandi*. Hið íslenska
bókmenntafélag og Iðnsaga Íslendinga Reykjavík 2000

Wapedia (2008). *Ullarkambur*. Sótt 12. janúar 2011 af
<http://wapedia.mobi/is/Ullarkambur>